

Fjarnám við HÍ

Áætlun um þróun fjarnáms hrint úr vör

Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektr kennslumála og þróunar
Róbert Haraldsson, sviðsstjóri kennslusviðs
29. mars 2022

Áætlun um þróun fjarnáms við HÍ - Hvers vegna? Hver er sýnin?

HÍ26 leggur áherslu á þróun náms

Háskóli Íslands leggur áherslu á framsækið stað- og fjarnám

Öll þróun náms í skólanum, stað- eða fjarnám,
á að stuðla að gæðum náms og kennslu

Í fyrsta sinn liggur fyrir áætlun um markvissa þróun fjarnáms fyrir skólann í heild

Áætlun um þróun fjarnáms verður innleidd 2022-2026

- Sjá seinni hluta kynningar
- Eitt fyrsta skrefið: Hólmfríður Árnadóttir ráðin verkefnastjóri fjarnáms



Áður en lengra er haldið...

Fjarnám

- Nám sem fer að mestu fram á netinu og þar sem gerð krafa um rauntímaviðveru, sem geta verið staðlotur eða/og netfundir

Netnám

- fer alfarið fram á netinu og ekki reiknað með þátttöku nemenda í rauntíma (t.d. edX)

Þróun fjarnáms er á engan hátt í andstöðu við upplýsingatæknivæðingu staðnáms, sem á sér stað samhliða, en mikilvægt að fjarnám sé byggt á kennslufræði fjarnáms

Staðnám sem kemur á mótis við þarfir nemenda með upptökum eða streymi einu saman er ekki fullnægjandi fjarnám (t.d. neyðarfjarnám)

Nám er sífellt í þróun og vera kann að betur sé hægt að sinna þörfum stað- og fjarnema samhliða, eða að skilin þar á milli minnki, eftir því sem þróun náms og tækni vindur fram - sjá seinni hluta kynningar

Áætlun um þróun fjarnáms: Stóra myndin

- Gerð gæðaviðmiða
- Áframhaldandi uppbygging innviða
- Aukin sérfræðipekking á fjarnámi innan skólans
- Könnun á þörfum fræðasviða fyrir fjármagn og þjónustu
- Kortlagning á öllu fjarnámi við skólann
- Aðgengilegar upplýsingar um fjarnám fyrir nemendur og kennara
- Fjármagn og faglegur stuðningur til deilda til þróun fjarnáms
- Fjölgun námsleiða í fjarnámi
- Aukinn sýnileiki og markaðssetning fjarnáms



Fjarnám og upplýsingatæknivæðing kennslu

Bylting hefur orðið í notkun upplýsingatækni í námi og kennslu

Fjarnám og upplýsingatæknivæðing kennslu eru tvær hliðar á sama peningi sem styðja hvor við aðra

Upplýsingavæðing staðnáms getur stutt við gæði náms, m.a. með betri endurgjöf til nemenda, aukið aðgengi að námsgögnum og fjölbreytni í kennsluháttum, sem aftur getur stutt við þróun fjarnáms





Lærdómurinn af COVID

Áskoranir á tímum COVID leiddu til framfara í stafrænum kennsluháttum við HÍ

- Tækifæri sem UT býður upp á í allri kennslu
- Mikilvægi fjarnáms
- Mikilvægi staðnáms og námssamfélagsins
- Möguleikar á að samþætta stað- og fjarnám
- Ólíkar þarfir stað- og fjarnema

Gefur færi á að hraðari þróun fjarnáms en upphaflega hafði verið áætlað

Tækifærin eru til staðar

Umfangsmikið fjarnám nú þegar í boði við HÍ

- Mikil þekking á fræðasviðum og miðlægt
- Fræðasvið bjóða upp á fjölbreytt fjarnám, þó mismikið eftir sviðum
- edX er netnám sem einnig er nýtt í fjar- og staðnámi
- Fagháskólanám og nám við Endurmenntun HÍ

Síðasta stefna, HÍ21, lagði mikilvægan grunn

- Innviðir: Upptökuver, tækjabúnaður, námsumsjónarkerfi, rafrænt prófahald, streymi, sveigjanlegar kennslustofur
- Fagþekking og stuðningur við kennara innan Kennslusviðs og á fræðasviðum
- Þekking kennara og annarra starfsmanna
- Aukin tækifæri kennara til starfsþróunar (ráðrúm til kennsluþróunar, fleiri styrkir, kennsluakademía)

Áætlun um þróun fjarnáms: Bakgrunnur

HÍ21

- Stefna Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu sett í kjölfarið

Starfshópur um gæði og þróun fjarnáms

- Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektr kennslumála og þróunar
- Róbert H. Haraldsson, sviðsstjóri kennslusviðs
- Guðrún Geirsdóttir / Halla Valgeirsdóttir, deildarstjóri kennslumiðstöðvar
- Páll Ásgeir Torfason, deildarstjóri rafrænna kennsluhátta

Áætlunin var unnin í samstarfi við og samþykkt af Kennslumálanefnd HÍ og í samstarfi við fræðasvið, stúdenta og fagfólk á sviði kennslu innan skólans



Bakgrunnur frh.

Stuðst við skýrslur, rannsóknir og viðmið innan HÍ og annarra háskóla

- Ýmsar úttektir og skýrslur innan HÍ
- Reynsla þeirra sem komið hafa að fjarnámi við HÍ
- European Association For Quality Assurance in Higher Education
- edX samstarfsnetið, Columbus State University, CBS, Harvard, University of London o.fl.

Erlendur ráðgjafi á sviði gæðamála kennslu

- Denise Chalmers, Winthrop Professor og yfirmaður Centre for the Advancement of Teaching and Learning við University of Western Australia

Reynsla Menntavísindasviðs nýtt

- Stóri hluti náms boðinn fram á formi fjarnáms
- Kennslumálasjóður veitti sviðinu styrk til að gera úttekt á fjarnámi
- Skýrsla um fjarnám á MVS meðal gagna sem nýtt voru, ásamt fundum með forseta sviðsins



Markmið áætlunar um fjarnám

- Að gæði fjarnáms við Háskóla Íslands séu tryggð og það byggji á kennslufræði fjarnáms
- Að framboð fjarnáms á vegum HÍ sé ljóst og aðgengilegt
- Að öllum þeim er starfa við HÍ, þ.e. kennurum, nemendum og öðru starfsfólki, sé ljóst hvað átt sé við með fjarnámi
- Að kennarar fái stuðning við hönnun fjarnáms
- Að fjarnám verði almennt boðið fram sem heilstæð námsleið fremur en stök námskeið
- Að fjarnám í boði við Háskóla Íslands styðji við atvinnulíf og þarfir nemenda og samfélags



Framkvæmd áætlunar um þróun fjarnáms við HÍ

Seinni hluti

Áætlun um þróun fjarnáms: Stóra myndin

- Gerð gæðaviðmiða
- Áframhaldandi uppbygging innviða
- Aukin sérfræðipekking á fjarnámi innan skólans
- Könnun á þörfum fræðasviða fyrir fjármagn og þjónustu
- Kortlagning á öllu fjarnámi við skólann
- Aðgengilegar upplýsingar um fjarnám fyrir nemendur og kennara
- Fjármagn og faglegur stuðningur til deilda til þróun fjarnáms
- Fjölgun námsleiða í fjarnámi
- Aukinn sýnileiki og markaðssetning fjarnáms



Áherslur í áætlun



1 Skilgreiningar

Hvernig skilgreinir HÍ fjarnám?

2 Gæðaviðmið

Hvaða kröfur þarf fjarnám við HÍ að standast?

3 Verkáætlun

Hvernig styðjum við námsleiðir sem vilja fara í fjarnám?

Fjárhagsstuðningur - faglegur stuðningur



1 Skilgreiningar



Hugtök	Skilgreiningar	Dæmi um útfærslur
Staðbundið nám (e. face to face)	er nám sem fer fram á ákveðnum tíma og stað , einum eða fleiri. Þetta form felur því í sér að nemendur þurfa að mæta á ákveðnum tíma á ákveðinn stað. Alltaf er um rauntímaviðveru að ræða en staðirnir sem gerðar eru kröfur til nemenda um að mæta á, geta verið fleiri en einn.	Staðnám Dreifnám Vettvangsnám Klínískt nám
Fjarnám (e. distance study)	þýðir að námið er skipulagt sem blanda af netnámi (námi sem fer aðeins fram á netinu) og rauntímaviðveru , sem geta verið staðlotur eða/og netfundir. Það er misjafnt hvort er skyldumæting eða val í þessar rauntímaviðverur.	Fjarnám með bæði stað- og netfundum Fjarnám með staðlotum Fjarnám með netfundum
Valvíst nám (e. hybrid)	þýðir að nemendur hafa val um hvort þeir taki þátt í námskeiðinu með því að mæta á staðinn, taka þátt í í gegnum netið með streymi (rauntímaviðvera) eða horfi á upptökur.	Stað- eða fjarnám með eða án rauntímaviðveru
Netnám (e. online learning)	þýðir að námið er skipulagt þannig að ekki er reiknað með neinni þátttöku nemenda í rauntíma .	Netnám án rauntíma viðveru
Sjálfsnám (e. self-study)	þýðir að nemandi og kennari gera samkomulag um nám nemandans, sem fer fram óháð stað og tíma.	Lesnámskeið Sjálfsnám

Þessar áherslur útiloka ekki önnur námsform í áttakinu sbr. valvíst nám

1 Skilgreiningar



Staðbundið nám	Valvíst nám	Fjarnám	Netnám
Háð stað og tíma	Val nemenda á hverjum tíma um viðveru	Einhver hluti námsins er háður tíma og stundum háður stað	Óháð stað og tíma
Kennsla fer fram á ákveðnum stað og á ákveðnum tíma. Skipulag miðast við rauntímaviðveru á ákveðnum stað	Nemendur hafa val um hvort þeir taka námið að hluta eða allveg í staðnámi, fjarnámi eða netnámi. Stundum geta þeir valið að taka þátt í staðnáminu í gegnum netið	Blanda af námi sem er skipulagt sem netnám og staðnám. Námið fer fram að mestu leyti á netinu en það er alltaf tilboð/krafa um viðveru í rauntíma og stundum á ákveðnum stað	Engin viðvera í rauntíma. Nemendur ráða stað og tíma sem þeir nota í námið

2 Gæðaviðmið

YFIRFLOKKAR GÆÐAVIÐMIÐA

Markmið og áætlanir fræðasviða Fræðasvið setji sér áætlun um framboð á fjarnámi.

Markmið og áætlanir sameiginlegrar stjórnarsýslu Marka þarf stefnu og gera áætlanir sem taka til fjar- og netnáms sem og notkun upplýsingatækni í kennslu við skólann.

Stuðningur við nema Stuðningur við nemendur verður að vera vel skipulagður og huga þarf að stuðningi við mismunandi hópa.

Stuðningur við starfsfólk Mikilvægt er að starfsfólk fái tæknilegan stuðning og þjálfun og þarf kennsluráðgjöf og stuðningur að tengjast nýsköpun og þróun kennsluhátta.

Námskrá og námsleiðir Við skipulag náms þarf í fyrsta lagi að leggja áherslu á sveigjanleika varðandi þátttöku nemenda í námi einkum með tilliti til staðsetningar og tíma.


Námskeið Mikilvægt er að einstök námskeið byggist á skýrum hæfniviðmiðum og að skipulag, kennsluhættir, námsefni og námsmat þeirra styðji við þau.

Námsumhverfi og tæknilausnir Mikilvægt er að gæðaviðmið séu sett um tæknilega innviði, svo sem nauðsynlegan hugbúnað og vélbúnað sem þarf til að hægt sé að sinna gæðakennslu.


Gæðaviðmið geta snúið að stuðningi sem veittur er af miðlægri stjórnarsýslu eða fræðasviðum

Sum gæðaviðmið hafa þegar verið uppfyllt, önnur krefjast vinnu af hendi fræðasviða eða miðlegrar stjórnarsýslu.

Sjá: <https://fjarnam.hi.is>



3 Verkáætlun 2022-2023 (fyrsta umferð)



Fyrstu skref

Áætlun um þróun fjarnáms liggur fyrir og verður innleidd
2022-2026

- Forkönnun á fræðasviðum um áhuga/þörf á fjarnámi á völdum námsleiðum
 - Forkönnun lýkur **6. maí 2022**
- Fjármagn verður nýtt í
 - Þróun nýrra námsleiða í fjarnámi
 - Endurskoðun námsleiða sem þegar eru í fjarnámi



Forkönnun

Forkönnun lögð fyrir fræðasvið

Deildarforseti/námsbrautarformenn í samráði við fræðasviðsforseta fylla út forkönnun fyrir hverja námsleið (ef fleiri en ein)

Forkönnun opnar **31. mars 2022** og lýkur **6. maí 2022**

Markmið með forkönnun:

- Kanna áhuga, aðstöðu og þörf fræðasviða
- Greina og áætla þjónustubörf við kennara
- Forkanna hugmyndir fræðasviða um uppbyggingu fjarnáms
- Greina kostnað við innleiðingu fjarnáms
- [Hlekkur á forkönnun](#)

